

## Yfirlýsing frá Christian Andreasen, lögmanni SMS

Í þættinum Kastljós í íslenska ríkissjónvarpinu mánudaginn 8. maí var fjallað um svonefnt Baugsmál. Meðal annars var fjallað um yfirheyrslur yfir feðgunum Hans og Niels Mortensen sem eiga verslanakeðjuna SMS með Baugi Group og lesið upp úr lögregluskýrslum sem aflað var í ferð fjögurra íslenskra lögreglumanna og eins endurskoðanda til Færeyja hinn 10. september 2002.

Vegna þessarar umfjöllunar vil ég taka fram eftirfarandi:

Lögreglan hóf húsleit kl. 16.00 hinn 10. september 2002, og tóku tveir færeyskir lögreglumenn þátt í aðgerðinni ásamt Íslendingunum. Lögmaður SMS var ekki viðstaddur aðgerðina og kom hún forráðamönnum SMS í opna skjöldu.

Hans Mortensen neitaði að skrifa undir lögregluskýrslu sem tekin var af honum þennan dag en Niels Mortensen skrifaði undir skýrslu, þrátt fyrir að hún væri á íslensku. Aðspurður af lögmanni SMS kvaðst Niels ekki skilja íslensku en innihaldið hefði verið kynnt honum á dönsku.

Niels Mortensen lýsti því fyrir undirrituðum lögmanni SMS að hann hefði í upphafi yfirheyrslunnar verið mjög óruggur og hann hafi því breytt framburði sínum. Fyrst hefði hann upplýst að inneignarreikningurinn hafi verið gefinn út í tengslum við afhendingu til Baugs Group á m.a. kaffi. Síðar í yfirheyrslunni breytti hann framburðinum á þann veg að hann vissi ekki til hvers nota ætti inneignarreikninginn og að hann hefði ekki verið færður í bókhald SMS. Þá kemur einnig fram að Niels var spurður af lögreglu um fund hans og Tryggva Jónssonar í Kaupmannahöfn hinn 3. september 2002. Niels sagði lögreglunni að Tryggvi hafi beðið hann að gefa ákveðna skýringu á útgáfu reikningsins. Í samtali við lögmann SMS síðar kom fram hjá Niels að hann hefði verið mjög óviss um hvað hann hefði sagt því hann var mjög sleginn yfir húsleitinni og þeim upplýsingum sem lögreglan gaf í upphafi yfirheyrslunnar yfir honum.

Miðvikudaginn 11. september 2002 fóru fram nýjar yfirheyrslur yfir Hans og Niels Mortensen og nú á dönsku, að viðstöddum undirrituðum, sem lögmaður SMS. Í þeirri yfirheyrslu sem þá fór fram yfir Niels var miklum tíma eytt í að spyrja um fyrrgreindan fund hans og Tryggva í Kaupmannahöfn og breytti Niels fyrri framburði sínum. Þessi fundur stóð í þrjá tíma og var þar fjallað um margvísleg mál er tengdust stjórn SMS. Á fundinum greindi Tryggvi að sögn Niels frá því sem hafði gerst á Íslandi og í því sambandi að ekkert ólöglegt hefði verið aðhafst að því er varðaði reikningsfærslur Baugs Group. Tryggvi gaf til kynna að ásakanir lögreglu væru byggðar á mjög ósanngjörnum forsendum, m.a. vegna alvarlegs misskilnings hennar.

Í þessu sambandi var fjallað á fundinum um efni inneignarnótunnar og rætt um að hnýta hana saman við ákveðnar vöruafhendingar, en á fundinum var ekkert ákveðið varðandi þetta. Við síðari yfirheyrsluna, hinn 11. september 2002, neitaði Niels Mortensen að staðfesta fyrri framburð sinn um að Tryggvi hafi beðið hann að gefa ákveðna skýringu á inneignarreikningnum. Var umfjöllun Kastljóssins því villandi.

Þórshöfn, Færeyjum, 9. maí 2006.

  
Christian Andreasen lögmaður.